

## AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá nr. 42/1999, með síðari breytingum,  
fyrir tannlækningar veittar sjúklingum sem tryggðir eru  
sankvæmt almannatryggingalögum.

1. gr.

Eftirfarandi breyting verður á 2. tölulið 1. greinar.  
Síðasti málsliður 2. töluliðar fellur brott.

2. gr.

4. gr. orðast svo:

Við beitingu á gjaldskrárliðum skal farið eftir skýringum í fylgiskjali I sem fylgir gjaldskrá þessari.

Við beitingu á gjaldskrárliðum 571-574, 630-631 og 706-707 skal þó farið eftir skýringum í fylgiskjali II með gjaldskrá þessari.

3. gr.

Eftirfarandi texti verður fylgiskjal I með gjaldskránni:

### Fylgiskjal I.

#### Skýringar við notkun gjaldskrár fyrir tannlækningar.

Tannlæknum ber að hafa hliðsjón af skýringum þessum við beitingu gjaldskrár.

#### **0. Flokkur: ALMENNUR**

##### **Almennt:**

Meðferðartímabil.

Meðferðartímabil nær til þess tíma, sem tekur að ljúka einni eða fleirum tannaðgerðum á samfelldu tímabili, t.a.m. einum eða fleiri dögum eða vikum. Gangi sjúklingur reglulega til tannlæknis eru meðferðartímabil að jafnaði tvö á ári.

##### **001-007 skoðun og greining:**

###### *001 viðtal (consultatio)*

Sjúklingi veitt viðtal, munnleg ráðgjöf, lágmarksskoðun; Innifalið: Lyfseðill, tilvísun og einföldustu form vottorða (sbr. 005). Gjaldliðurinn 001 er afmarkaður og fer ekki saman með öðrum gjaldliðum skrárinnar.

###### *002 bráðahjálp*

Skyndiheimsókn sjúklings til tannlæknis, sem ekki hefur sjúklinginn á meðferðarskrá sinni. Er oftast um að ræða verkjastillandi meðferð (palliative treatment). Bráðahjálp er verðlögð eftir tímaeiningu og undir hana falla aðgerðir, sem verðlagðar eru í gjaldskrá skv. tímaeiningu; ennfremur afkastaaðgerðir sem ekki fæst lokið við í heimsókninni, en annar tannlæknir lýkur. Með því að umreikna heildartíma heimsóknar í tímaeiningar, fæst 002 -einingarfjöldi hennar.

Afkastagjaldliður sem lokið er við, sbr. töku röntgenmyndar, heldur gildi sínu og er skráður sem slíkur á greiðslukvittun.

###### *003 skoðun (examinatio initialis)*

Fyrsta koma sjúklings. Sjúkrasaga (anamnesis) skráð og ásigkomulag tyggingafæra (status presens) greint.

Sjúklingur fræddur um ástand tanna sinna, æskileg meðferð kynnt og lausleg meðferðar- og kostnaðaráætlun.

004 *áfangaskoðun (examinatio periodicalis)*

Skráður sjúklingur (sbr. 003) kemur í boðaða skoðun. Við áfangaskoðun er fylgst með framvindu tannheilsu sjúklings og meðferð endurskoðuð, ef þörf er á. Áfangaskoðun er verðlögð samkvæmt tímaeiningunni 004 og felur hún í sér gjaldliði, sem verðlagðir eru á gjaldskrá skv. tímaeiningu (sbr. tannhreinsun, slípingar o.s.frv.). Eru þeir ekki aðskildir á greiðslukvittun heldur er samanlagður mínútutími þeirra, heildartími heimsóknarinnar, skráður á kvittunina undir tímaeiningu 004. Hins vegar halda gjaldliðir verðlagðir samkvæmt afkastaeiningu, eins og t.a.m. röntgenmynd, gildi sínu og eru skráðir sem slíkir á greiðslukvittun. Við áfangaskoðun vegna fortannlækninga verður liðnum ekki beitt oftar en tvisvar á ári, sbr. þó lið 117.

005 *lyfseðill, vottorð, tilvísun*

Lyfseðill/símalyfseðill, einn eða fleiri við sama gjaldi; vottorð v/vinnutaps o.s.frv.; tilvísun á tannlækni, lækni/læknisfræðilegan aðila. Ekki tekið gjald fyrir 005 við venjulega aðgerðarheimsókn (tannfyllingu skurðaðgerð o.s.frv.).

006 *læknisvottorð, umsókn (stöðluð eyðublöð)*

Margþátta umsóknir eða læknisvottorð vegna tryggðra sjúklinga m.a. til Tryggingastofnunar ríkisins eða heilbrigðis- og félagsmálaaðila.

007 *áætlunargerð/álitsgerð*

Meðferðar- og/eða kostnaðaráætlun/mat/greinargerð eða álitsgerð unnin samkvæmt tímaeiningu, en sé um viðamikinn texta að ræða (umfram 3xT) skal semja við Tryggingastofnun ríkisins um þóknun.

**010-024 röntgenmyndataka (röntgenographia)/ljósmyndataka**

**Almennt:**

Greining innifalin nema annað sé tekið fram.

Gjaldskrá heimilar eina upphafsmynd (010) tekna á meðferðartímabili, sem spannar aðgerðir 310-322 aðrar myndir sem kunna að verða teknar skulu verðlagðar eftir gjaldlið 011.

010 *upphafsmynd*

Upphafsmynd tekin á smáfilmu (periapical film, bitewing).

011 *viðbótarmynd í heimsókn*

Viðbótarmynd tekin á smáfilmu í sömu heimsókn og 010.

012 *vængjaröntgen (bitewing)*

Annarrar eða beggja hliða myndataka af tannbogum. Algengur aðgerðarliður við greiningu (á tannátu) og skoðun. Fortannlækningar: sjá 108.

013 *heildarröntgen (intraoral status) á fullvöxnum einstaklingi*

Varið er til tókunnar 12 smáfilmum (periapical/bitewing). Mynduð eru við statustöku tennt sem tannlaust svæði.

014 *heildarröntgen (intraoral status) á barni*

Varið er til tókunnar 5 smáfilmum (periapical/bitewing).

015 *bitfilma (occlusalmynd)*

Stórfilma notuð innan munns við myndatöku á tannbogum og næsta umhverfi.

016 *kjálkaliðsmynd (transpharyngeal)*

Annarrar eða beggja hliða röntgentaka af kjálkaliðum. Kassettufilma.

017-018 *andlitsröntgen*

Myndatökur sem framkvæmdar eru að staðaldri við greiningu við skurðaðgerðir; við bitlækningar, kassettufilmur. Fortannlækningar: sjá 109.

020 - 021 *tekið eftir frummyndum (duplicering)*

Gjaldliðirnir vísa til eftirtöku á röntgenmyndum, sem skráðar eru undir gjaldnúmerunum 010-012 og 015-020.

022-023 *teknar tvímyndir (two-film technic)*

Tveggja filmu umslag er notað við töku tvímynda og fengin tvö filmueintök af sama myndsviði. Gjaldliðirnir vísa til töku tvímynda af röntgenmyndum, sem skráðar eru undir gjaldnúmerum 010-012 og 015-020. Við töku tvímynda er skráð gjaldnúmer hlutaðeigandi röntgenmynda og gjaldnúmer þess viðbótargjalds (023/024) sem við á hverju sinni.

024 *ljósmyndun (photographia)*

Ljósmyndun er sjúkragagn, sem notað er við að greina og/eða skjalfesta vanskaptan mjúkan og harðan tannvef, fyrir, og eftir á hinum ýmsu stigum meðferðar.

025-026 *bitgreining við afsteypur (model)*

Gjaldliðir innifaldir í smíði tanngerva í 6., 7. og 8. flokki sem klínískir verkþættir. Séu þeir þar liðir í undirbúningi að meðferð, sem ekki verður af, taka þeir gildi.

025 tekið mát fyrir gífsafsteypu (vinnumódel (stúdiumódel)).

026 bit greint og skráð af lausum eða samtilltum afsteypum (í bithermi).

Max 2xT.

030-040 *deyfingar (anaesthesia intraoralis et extraoralis)*

Deyfing er innifaldir í þeim tannaðgerðum, sem að staðaldri er deyft við eins og t.a.m. aðgerðum á tannvegi og kjálkum. Deyfing verðlögð eftir því hvort ísíað er eða leiðsludeyft. (Extraoral deyfing felur í sér sömu eða svipuð deyfisvæði og intraoral deyfing, nema deyfingu á kjálkalið).

030 *yfirborðsdeyfing (topical deyfing)*

Úðað/smurt kremi (pasta) á svæði, sem stungudeyfa skal. Gjald fast á heimsókn; gildir einu hvort um eitt eða fleiri deyfisvæði er að ræða.

031 *staðdeyfing (local)*

Húðflötur/gómstæði einnar til þriggja tanna ísíað (infiltration).

032 *svæðisdeyfing (regional)*

Tennt sem tannlaust svæði stofntaugar ísíað (infiltration) og/eða leiðsludeyft (block) ekki tekið sérstaklega fyrir, þegar deyfð eru svæðamörk.

035 *glæðloft (nitrous-oxide sedation)*

Mest 3xT í sömu heimsókn.

040 *fortölur (psychogen suggestion)*

Aðlögunarmedferð verðlögð mest 2xT í sömu heimsókn; mest 4xT á meðferðartímabili og er þá miðað við, að meðferðartímabil séu tvö árlega. Fortölur gildi fyrir börn allt að 12 ára. Fyrir einstaklinga sem þurfa á frekari hjálp að halda, skal sækja um til tryggingatannlæknis.

050-054 *rannsóknir*

050 smitstroka tekin á stofu og send til rannsóknar. Sjúklingur greiði tannlækni kostnað vegna töku (flutningur og rannsókn verðlögð aukreitís).

051 munnvatnsprufa tekin á stofu og ýmist greind þar eða send í rannsókn (sbr. 050).

052 vefjasýni (biopsi) tekið úr yfirborði mjúkvefs. Sjálfstæð aðgerð.

053 vefjasýni tekið grunnt úr beini. Sjálfstæð aðgerð.

054 vefjasýni tekið samfara aðgerð, verðlagt samkvæmt tímaeiningu.

055 *eftirmeðferð*

Sjúklingur leitar læknis eftir meðferð; viðbragð sjúklings við meðferðinni óvænt (hliðarverkun) og utan almennra verkþátta aðgerðarinnar eins og hún er skráð í gjaldskrá og skilgreind akademískt.

060 *sjúklings vitjað utan stofu*

Sjúklings, sem ekki er rólfær, vitjað heima eða á stofnun. Verðlagt eftir tímaeiningu.

061 *bráðaútkall*

Útkall til að sinna sjúklingi, sem þarf á hjálp að halda vegna slyss eða viðlíka aðstæðna. Verðlagt eftir tímaeiningu.

**1. flokkur: FORTANNLÆKNINGAR (therapia preventiva)****Almennt:**

Tannhreinsun innifalin í gjaldliðum 110-111, 115-116 og 125.

Gjaldliðir 110 og 111 notist eigi oft en tvisvar á ári, sbr. þó liði 118 og 119.

**101-102 tannfræðsla (motivatio et instructio):**101 *bein fræðsla (dir. motiv.):*

Sjúklingurinn er fræddur um ástand tyggingafæra sinna með hjálp röntgenmynda, afsteypa o.s.frv. Rætt við sjúklinginn um þá kosti, sem standa honum til boða varðandi meðferð og viðhald tanna hans. Sjúklingnum leiðbeint (instruction) um val og notkun á tannhreinsitækjum (tannbursta, tannþjöl (þrístrendum tannstöngli), tannþræði). Hámarkstími 4xT á tímabilinu.

102 *óbein fræðsla (indir. motiv.):*

Almenn fræðsla í tali, texta, myndum og öðrum tiltækum hjálpargögnum um fortannlækningar (prophylaxis: tannhreinsun, flúornotkun, mataræði, skorufyllur); um eðli tannsjúkdóma og meðferð við þeim. Óbein fræðsla verður ekki seld á tannlæknastofu nema tannlæknir eða aðstoðarmaður hans sé viðstaddur fræðslustundina. Efnisval og flokkun fræðslunnar verður miðuð við aldur og þroska sjúklings enda útgefið af viðurkenndum fræðsluaðilum á sviði tannlækninga og samþykkt af samstarfsnefnd TR og TFÍ.

104 *tannhreinsun (depuratio supragingivalis)*

Sýklaðar tennur hreinsaðar (sýklulitun innifalin) og/eða tannsteinn skafinn (scaling); tennur þússaðar, í senn fyrirbyggjandi meðferð og upphaf á meðferð við tannátu og/eða tannvegsbólgu (gingivitis - periodontitis).

105 *tannhreinsun og slípaðar gamlar fyllingar*

105 tennur hreinsaðar, þússaðar og/eða gamlar fyllingar slípaðar og fægðar.

108 *röntgen, bitewing í forvarnarskyni*

Annarrar eða beggja hliða myndataka af tannbogum í forvarnarskyni.

109 *röntgen, bitewing í forvarnarskyni*

Kjálkasneiðmynd. Yfirlitsmynd yfir stöðu og fjölda tanna/tannkím greind o.s.frv.

110-111 *flúorverndun tanna (fluorprophylaxis)*

## 110 flúorlökkun

Við flúorlökkun skal farið eftir leiðbeiningum framleiðanda þess lakks sem notað er (lakkið skal viðurkennt af N.I.O.M. og A.D.A.). Eftirfarandi verkþættir eru fölgirnir í flúorlökkun tanna:

- 1) Tennur hreinsaðar og þússaðar, tannhliðar (interproximal tannveggir) með tannþræði/tannþjöl.
- 2) Tennur þurrkaðar, einn sjöttungur (segment) í senn.
- 3) Lakkað eftir leiðbeiningum framleiðanda (tannhliðar með blæstri/tannþræði/tannþjöl).
- 4) Sjúklingi leiðbeint um hvenær óhætt sé að eta eða bursta tennur eftir lökkun.

111 *flúorpenslun*

Meðferð hliðstæð gjaldlið 110 nema hvað flúorefnið er annað og meðferð í samræmi við það.

115-116 *tyggiskorum lokað (fissure sealing)*

Gjaldliðurinn varðar meðferð á tyggiskorum (barnatanna) fullorðinsjaxla og bakpitt (foramen coecum) framtanna allt að tveimur árum frá uppkomu. Tvær eða fleiri fyllur í sama skorukerfi telst ein fylla (sbr. Skorukerfi „Almennt“ tannfyllingar). Eftirfarandi verkþættir eru fölgendir í að loka tyggiskorum með plastfyllum:

- 1) Skoran hreinsuð og þússuð.
- 2) Skoran þurrkuð og ætt.
- 3) Sýran fjarlægð.
- 4) Skoran þurrkuð og fyllan lögð.
- 5) Fyllu og umhverfi haldið þurru meðan harðnar.
- 6) Stærð og þéttleiki fyllu kannaður og fyllan endurnýjuð hafi hún misheppnast.

120 *kvikuprófun (pulpatest)*

Ekki tekið sérstaklega fyrir kvikuprófun á tönn í meðferð. Kvikuprófun er sjálfstæður gjaldliður, þegar umfangsmikil könnun fer fram á taugaboðum. Sé stuðst við deyfilyf er verðlagt skv. gjaldliðum í deyfingu (030-032), en gjaldskrárnúmerið 120 þá jafnhliða skráð óvirkt (kr. =) til að upplýsa hver tilgangurinn sé með deyfingu.

125 *meðferð við sárum tannhálsnum (applicatio desensibilisationis)*

Flúormeðferð (upplausn/pasti). Flúor (fluor) og skyld efni notuð við kulvísnum sárum eða viðkvæmum („hypersensitivum“) tannhálsnum, sem upp koma í kjölfar aðgerðar eða af öðrum þekktum sem óþekktum orsökum.

**2. flokkur: TANNFYLLING (restorationes dentium)****Almennt:**

Skorukerfi (fissure's system).

Fylling telst vera einflata fylling enda þótt hún gangi af einum tannfleti yfir á annan, t.a.m. af tyggingafleti yfir á kinnarflöt, sitji hún í sama skorukerfi. Sé silfrinu þjappað í „matrissu“, telst fyllingin ekki einflata.

Bráðabirgðafrágangur.

Frágangur á tönn til bráðabirgða milli heimsókna er ekki verðlagður sérstaklega heldur skoðast sem verkþáttur þeirra aðgerðar, sem unnið er að hverju sinni og verðlögð er skv. gjaldnúmeri sínu.

201-208 *ljóshertar fyllingar (composite resin)*

Aðgerðarliðir ná yfir fyllingar í framtönnnum, augntönnnum, barna- og fullorðinstanna. Fyllingar flokkaðar eftir stærð. Gjaldliðir fela í sér tannskurð, botnlag, sýruætingu á glerungi, ísetningu og ljósherslu og frágang (slíping/pússning).

205-206 Sama aðgerð og skilgreind í 201-204 en takmarkast við I.cl. og V.cl. í jöxlum.

210-219 *glerjónafyllingar (glass ionomer cement)*

Gjaldliðir fela í sér tannskurð, botnlag, ísetningu og frágang (slípingu/pússningu) glerjónafyllinga eftir viðurkenndum aðferðum. 211, 213, 215 viðbótarfylling nær yfir viðbótarfyllingu úr sömu flokkum og samsvarandi fylling í flokkum 210, 211 og 214; settar í sömu heimsókn.

220-225 *önnur fyllingaefni (tannlituð)*

Gjaldliðir taka til þeirra fyllingaefna sem viðurkennd eru af N.I.O.M. og A.D.A. og samþykkt af samstarfsnefnd TR og TFÍ. Verkþættir gjaldliða sbr. 201-215.

**230-235 amalgamfyllingar**

Gjaldliðir ná til framtanna, augntanna, forjaxla og fremri barnajaxla; 231 og 237, viðbótarfyllingar, eiga við fyllingar af gerð 230 og 236 sem sett(ar) eru í sömu heimsókn. Gjaldliður felur í sér tannskurð, botnlag, ísetningu og mótun.

**236-241 amalgamfyllingar**

Aðgerðarliðir ná til fullorðingsjaxla og aftari barnajaxla; 237 viðbótarfylling á við 236. Verkpættir gjaldliða sbr. 230-235.

**245 bráðabirgðafylling**

Bráðabirgðafylling telst sjálfstæður gjaldliður ljúki læknir ekki aðgerð heldur starfsbróðir hans (sbr. bráðahjálp).

**250 tannspelkun**

Tilgerðri eða staðlaðri spelku komið fyrir. Notuð þegar halda þarf opnu skarði eftir brottfall (barna) tannar.

**255 parapulpalstifti****Ýmislegt****256 tannbeinsstifti**

Stifti fest í tannbein utan tannhols. Viðbótarstifti (256) í sömu heimsókn. Sett til styrktar og festuauka vegna plastískrar fyllingar.

**257 rótarstifti**

Stifti fest í rôtargang á rötfulltri tönn til að auka festu plastískrar fyllingar.

**258 stöðluð stálkróna**

Gjaldliðurinn felur í sér, að tannkrónan er tilskorin og/eða uppbyggð (innifalið minni háttar Ag-, plast- eða sementfylling); stálkrónan felld að, fest og bitstillt.

**259 stöðluð plastkróna**

Sama og 258 utan þess að hér er krónan úr plasti en ekki stáli.

**260-261 gúmmidúkur settur****262 aukabotnlag**

Innifalið í verði allra venjulegra fyllinga er einfalt botnlag. Aðgerðarliðurinn auka-botnlag er notaður ef þörf er á sérstakri einangrun til viðbótar einföldu botnlagi.

**3. flokkur: TANNHOLSADGERÐIR (endodontia)****Almennt:**

Frágangur (bráðabirgðafylling) innifalin; varðveita skal röntgenmynd(ir) við upphaf rótaraðgerða og eftirlitsmyndir. Heimiluð er ein upphafsmynd (010) á meðferðartímabili sbr. 310-322.

**301 kvikuköppun (pulpaoverkapping)**

Strípuð kvika þakin með kvikupasta ( $\text{Ca}(\text{OH})_2$ ) og gengið frá með bráðabirgðafyllingu.

**305-306 krónukvika fjarlægð (pulpotomia)**

305, eftir að krónukvika hefur verið fjarlægð er kvikupasti lagður á kvikusárið (vital amputation) og gengið frá með bráðabirgðafyllingu.

306, formokresolmeðferð. Einþrepa: hnoðri vættur í formokresolvökva er borinn að kvikusárinu og það fellt („fixerað“) og gengið frá með bráðabirgðafyllingu. Tvíþrepa: Bómullarhnoðrinn látinn liggja á sárinu til næstu heimsóknar og tönnin þá fyllt. Gjald óbreytt fyrir ein- og þvíþrepa meðferð.

**310-312 tannkvika fjarlægð (pulpectomia)**

Meðferð er fólgin í að fjarlægja tannkviku, víkka út og sóttþreinsa tannholið. Aðgerðarliðir eru tveir og gerast í einni eða fleiri heimsóknum:

- 310-319 fyrsta úthreinsun (extirpation): Tönnin er vital/nonvital. Sýkt sem ósýkt tannkvika fjarlægð. Tannholið sótthreinsað og eftir atvikum gengið frá með sótthreinsunarinnleggi (paperpoint o.s.frv.) og bráðabirgðafyllingu.
- 315-318 *útvíkkun/skipt á tönn*: Útvíkkun beint framhald af fyrstu hreinsun. Undir gjaldliðinn fellur einnig „skipt á tönn“ (samfara því er sýklasýni einatt tekið (350)). Tönnin undirbúin fyrir rótfyllingu.
- 319 *gömul rótfylling fjarlægð*  
Verðlagt er eftir tímaeiningu.
- 320-322 *rótfylling*  
Fyllingaeftirni puðrað ( $\text{Ca}(\text{OH})_2$  o.fl.), þjappað (guttapercha) eða fest (silfurstifti) í rötargang; lokað með bráðabirgðafyllingu. Tala rótfylltra ganga miðast við einstaka tönn, dæmi: Tvær einróta tennur fylltar flokkast undir gjaldnúmer 320x2.
- 325-327 *úthreinsun, útvíkkun og rótfylling*  
Meðferð á vital tönn. Meðferðin gerist í einni heimsókn sjúklings: taug fjarlægð, útvíkkað, rótfyllt.
- 330 *kvikudreppasti lagður á tannkviku (devitalisatio pulpae dentis)*  
Dreppasti lagður á kviku tannar, sem síðar skal rótfylla.
- 350 *sýklasýni úr rötargangi*  
Taka sýklasýnis við rötarmeðferð á sýktri tannkviku. Hámark 1xT.
- 355 *lýsing á litadri tönn*  
Kvikuholið hreinsað og baðað upp úr  $\text{H}_2\text{O}_2$  eða viðlíka efnum og tannholið síðan geislað til að flýta fyrir verkan upplausnarinnar; litarefni eytt og tönnin bleikt.

#### 4. flokkur: TANNVEGSLÆKNINGAR (periodontia)

##### Almennt:

Deyfing, saumur og umbúðir innifaldar nema í 400, 455.

Aðgerðarsvæði skilgreind:

Sjöttungsaðgerð, tannstæði allt að 6 tönnum. Fjórðungsaðgerð: tannstæði 7 til 9 tanna.

Þriðjungsaðgerð: tannstæði 10 til 13 tanna.

Sjöttungsauki; aðgerðarsvæði allt að 6 tönnum, er notaður í samstæðum eða blönduðum aðgerðum. Dæmi: Tannholdsgræðingur ágræddur í sjöttungsaðgerð, en aðgerðarsvæðið síðan stækkað við flipun um sjöttung. Stækkunin talin jafngilda sjöttungsauka grunnflipa (425), en ágræðsla og flipun eru lögð að jöfnu hvað verð áhrærir.

Aðgerðarsvæði er ýmist samfellt eða tennur þess dreifðar um tannbogana. Höfðað er til faglegs mats tannlæknisins varðandi flokkun og skráningu á aðgerðarsvæðum.

400-405 *hreinsun á mjúkpokum (depuratio subgingivalis)*

400-403 djúphreinsun á mjúkum ofanbeins tannpokum dýpri en 2 til 3 mm. Hreinsaður er mjúkveggur tannpokans (curettage) og slípaður rótarveggur hans (rootplaning). Ekki er verðlagt sérstaklega þótt tannholdsbrún sé sniðin („trimmuð“) samfara hreinsun á mjúkpoka.

404-405 endurfesta (new attachment, reattachment); beinpoki (3ja veggja) hreinsaður, tannholdsbrún sniðin eftir atvikum og tönnin pökkuð. Sjálfstæð aðgerð. Falli hún inn í flipaaðgerð telst hún verkþáttur flipans og því ekki verðlögð sérstaklega; fari fram tannholdskurður (gingivectomy) samfara endurfestuaðgerð, er tannholdskurður verðlagður skv. sjöttungsauka (408).

410-413 *tannholdsskurður (operatio gingivalis)*

Einfaldur tannholdskurður (gingivectomy) og/eða mótun á gingiva (gingivoplastica). Notað kalt (hnifur), heitt (electrosurgery) skurðverkfæri eða fræst. Verkþættir við skurð og mótun á tannholdi eru eftirfarandi: deyfing, skurður (fræsing), umbúðir

lagðar; umbúðir fjarlægðar. Aðför að tannholdsbrún til að koma fyrir fyllingu eða steypu tanngervi flokkast ekki undir þennan gjaldlið, hafi fyrrnefndum verkþáttum ekki verið beitt.

415-416 *aðgerðir á kinnar- og vararbotni (vestibuloplastica)*

415 gjald fyrir aðgerð á vararhafti er jöfnunargjald fyrir frenotomia, frenectomy og aðgerð á frenulum tectolabiale.

420-430 *flipun (operatio mucogingivalis)*

Tannvegsflipun (periodondal flapoperation), kirurgisk opnun inn á sjúkan mjúkan og/eða harðan vef. Osteotomi og/eða osteoplasti (exostosis, torus o.s.frv.) eru verkþættir flipans.

435-436 *tanndeiling (hemisectio dentis)*

Jöfnunargjald er fundið á afskurði (amputation) á rótum efri- og neðrigóms jaxla annars vegar og klofningi á tönn (báðir rötarpáttar látnir halda sér). Aðgerðir þessar fá því eitt og sama gjaldskrárnúmer (435)

440 *tannholdsflutningur (transplantatum autogenum gingivae)*

Tannholdsgræðingur (graft) fluttur úr tókustað (donor site) á móttökustað (recipient site) og gengið frá. Fari samtímis fram aðgerð á gingiva (gingivect., flap) er hún verðlögð skv. sjöttungsauka viðkomandi aðgerðar.

445-447 *sáraumbúðir*

Gjaldliðurinn felur í sér, að hrærðar umbúðir eða deigumbúðir (periopack o.fl.) eru lagðar á sjöttungsaðgerðarsvæði og þaðan af stærra. Ekki tekið sérstaklega fyrir sáraumbúðir nema framlengja þurfi umbúðartímann umfram það sem eðlilegt er talið; ennfremur þegar sáraumbúðir teljast ekki til fastra verkþátta aðgerðar.

455, 460 *ýmislegt*

455, stungið á kýli (abscess); oft um bráðahjálp að ræða og farið þá skv. reglum um veitta bráðahjálp (002). Skráður sjúklingur fær úrlausn samkvæmt meðferðaráætlun.

460, slípað skaðabit (sec. traumatism) tilkomið vegna bólgu í tannslíðri (periodontium), þrýstistönn í ofbiti (supraocclusion).

**5. flokkur: MUNN- OG KJÁLKASKURÐLÆKNINGAR (chirurgia)**

**Almennt:**

Deyfing, saumur, vírun, umbúðir innifaldar nema í 580-581; saumur ekki innifalinn í 500-502.

Aðgerðarsvæði skilgreind:

Sjöttungsaðgerð: tannstæði allt að 6 tönnum.

Fjórðungsaðgerð; tannstæði 7-9 tanna. Þriðjungsaðgerð: tannstæði 10-13 tanna.

Sjöttungsauki: aðgerðarsvæði allt að 6 tönnum.

Aðgerðarsvæði er ýmist samfellt eða tennur þess dreifðar um tannbogana.

Höfðað er til faglegs mats tannlæknisins varðandi flokkun aðgerða.

500-502 *auðdregnar tennur (extractio dentium)*

500 hæg tönn/rót dregin

501 tönn eða rót með eðlilegri festu dregin

502 viðbótartönn eða rót dregin í sömu heimsókn á sama deyfingarsvæði eða í því sem næst samfældri röð útdráttartanna.

505-506 *vanddregnar tennur (extraccio dentium complicata)*

Rætur flæktar og/eða tönnin beinróin svo hluta verður hana í sundur og/eða rjúfa tannstæðið. Viðbótartönn tekin í sömu heimsókn (506).



512-516 *beinlægar tennur teknar (odontectomia)*

Opnað inn á djúplægar („impakteraðar“) tennur. Viðbótartönn tekin í sömu heimsókn. Í 512 og 513 er tönnin að hluta til beinlæg (sbr. röntgenmynd); hluti krónu stendur ýmist upp úr beini og gingiva eða tönnin er hulin gingiva. Beinlæg tönn (514) innilokuð vegna plássleysis (skekktjönn, beingróin tönn) greind sem umlukin beini (skv. röntgenmynd).

516 djúplæg, misfelld (ectopisk) tönn fjarlægð. Aðeins um gróf tilfelli að ræða eins og t.a.m. lárétt liggjandi augntönn við nefrót o.s.frv. Taka á ofauknum tönnum (supernumerary: Mesiodens o.s.frv.) flokkast undir tanndráttardeildir 505-515 eftir því sem lækni metur stærð aðgerðar (sbr. röntgenmynd).

520 *tönn/rótarbrot fjarlægt úr kjálkaholu, gengið frá sári með aðdregnum slímhúðarflipa (pedicle-graft operation)*

Tönn eða tannbrot sem staðsett er við eða í kjálkaholu (antrum) svo að rjúfa verður framhlið holunnar við töku tannarinnar/tannbrotsins. Aðgerðaropi síðan lokað með aðdregnum slímhúðarflipa (pediclegraft).

521 *tannholu (alveolus)lokað (pedicle-graft operation)*

Frágangur á sári eftir tanndrátt, umfangsmeiri en í gjaldlið 505. Sárið „pakkað“ þar sem bein er berað við aðdrátt flipans.

522 *sýkt rótarbrot fjarlægt*

Djúpstætt rótarbrot fjarlægt, sýkt tannhola (alveolus) hreinsuð og lokað með slímhúðarflipa (pedicle-graft).

525 *opnað inn á beinlæga tönn (perforatio ad dens retentus)*

Opnað á innilokaða tönn (dens retentus) til að greiða fyrir uppkomu hennar; til að koma á tönnina ídráttartækjum (sbr. tannrétting). Mjúkur og harður þekjuvefur rofinn og opið „pakkað“ meðan sárkantar gróa.

526-528 *rótarstyttning (resectio radices (apex amputation))*

Fari rótarstyttning fram á tveimur eða fleiri rótum í sömu heimsókn er viðbótarrót verðlögð sérstaklega (527) enda séu tennur hliðstæðar eða í sama sjöttungi eða deyfingarsvæði (block). Fylling í rötarenda (528) sbr. 2. fl. Tannfyllingar.

530 *ígræðsla tanna (repositio dentium)*

Sjúklingur hefur orðið fyrir áverka og misst tönn. Innifalið í gjaldliðnum er að koma tönninni fyrir í stæði sínu og víra, spengja eða spelka svo og að fjarlægja umbúðir og eftirlit. Rótfylling á ígræddri tönn er ekki innifalin eða röntgenmyndir sem síðar eru teknar við áfangaskoðun. Meðferð á viðbótartönn (531) hliðstæð þeirri fyrrnefndu, standandi í sama sjöttungi eða deyfingarsvæði.

535-537 *tilflutningur á tönn (transplantatio dentium)*

Gjaldskrárliðir 535, 536 fela í sér, að dregin er tönn og henni komið fyrir á nýjum stað, spengd, víruð eða spelkuð; svo og eftirlit og eftirlitsmynd meðan á meðferðartímabili stendur. Undirbúningur á móttökustað (recipient site) er ekki innifalinn í gjaldliðum, vísað til 502, 506, 522 o.s.frv.

537 ný tannhola: gerð tannhola (alveolus) í ósnortið bein.

540-551 *aðgerðir á tannstæði vegna smíði tanngerva og af fyrirbyggjandi ástæðum (chirurgia preprothetica sive prophylactica)*

Aðgerðarliðir 540, 542, 543 eru ekki til komnir vegna sýktrar gingiva eða mucosa (periomeðferð); aðgerðir því viðaminni en tannvegsaðgerðir.

545, 551 aðgerðir sem byggjast á ostectomia; meðfæddir eða áunnir beingallar leiðréttir.

- 550, tuberaðgerð: aðgerðin kallast „tuberaðgerð“ þegar tuber-bein er fjarlægt (ostectomia). Sé aðeins mjúkvæfur fjarlægður flokkast aðgerðin undir 410 (gingivectomy).
- 555-556 *æxli fjarlægt (excisio cystis sive tumoris)*
- 560 *aðgerð á útfærslugangi munnvatnskirtils (ptyalectases)*  
Steinn fjarlægður úr úrfærslugangi munnvatnskirtils (gl. submand/gl. parotis o.s.frv.)
- 580-587 *ýmislegt*  
580, 581 aðgerðir þar sem kerri er undir flestum kringumstæðum notaður.  
585, 587 áverkasár stór sem smá, sýkt sem ósýkt hreinsuð og búið um.

## 6. flokkur: TANGERVÍ (steyp) (prosthesis fixa)

### Almennt:

Innifalinn er viðgerð steyptra, fastra tanngerva öll klínísk vinna, sem við kemur smíðinni. Fylgja skal aðferðum, sem THÍ eða sambærilegar stofnanir kenna og mæla fyrir um að nota skuli við mælingar, tannskurð, máttökur og frágang á steiptum tanngervum. Mát- og steypu-efni, sem notuð eru, skulu viðurkennd af N.I.O.M. og A.D.A. og samþykkt af samstarfsnefnd TFÍ og TR.

Innifalinn er bráðabirgðafrágangur á tönn milli heimsókna meðan á smíðinni stendur nema tilskorin aðfelld bráðabirgðakróna (665-669). Varanleg festing (cementering) á tanngervi innifalinn.

Við smíði steyptra tanngerva liggja fyrir röntgenmyndir af stoðtönnum, („rest“-tönnum) og tannvegi.

### 601-608 *steypar fyllingar/brenndar fyllingar*

Vinna tannlæknis hin sama, hvort sem fylling er steyp úr gulli (málmi) eða postulín er brennt; verðlag fer eftir stærð fyllingar og lögun.

### 610 *pinnaðar fyllingar (parapulpal)*

Fyllingar pinnaðar til að auka festur þeirra. Ekki tekið fyrir pinnun á gullvarpi (604).

### 615-648 *postulín-brenndar málmkrónur, málmkrónur, skelkrónur (facettu-krónur) pinna-krónur (pinledge), möttulkrónur (jacketkrónur),*

Ýmsar gerðir króna með eða án rótarfestu/tannbeinsfestu. Ef dytta þarf minni háttar að tannkrónu, sem smíða skal á með plastískum fyllingarefnum, er það innifalið í verði nýsmíðinnar.

### 650-652 *krónuuppbygging úr málm*

Grunnbygging fyrir krónugervi sem hefur festu í rötargangi og/eða tannbeini utan tannholsins (parapulpal).

### 655-678 *brúarsmíði*

Þrenns konar brýr smíðaðar: 1) Bráðabirgðabré (plast), áfangi í gerð varanlegrar brúar. Viðhald brúarinnar innifalið nema um langtíma viðgerð sé að ræða. 2) Ætufest brú (semipermanent) smíðuð til að standa í lengri eða skemmri tíma. 3) Varanleg brú, eðalbrú, gerð úr málm/plasti/postulíni. Stöplar sbr. steypar fyllingar (600-608)/krónur (615-648)/krónuuppbygging (650-652).

## 7. flokkur: 70 HEILGÓMA- OG PARTAGERÐ (prosthesis mobila)

### Almennt:

Innifalið er viðgerð steyptra, lausra tanngerva og öll klínísk vinna, sem við kemur smíðinni. Fylgja skal aðferðum, sem THÍ eða sambærilegar stofnanir kenna og mæla fyrir um að nota skuli við mælingar, máttökur og frágang á lausum tanngervum. Mát- og steypu-efni, sem notuð eru skulu viðurkennd af N.I.O.M. og A.D.A. og samþykkt af samstarfsnefnd TFÍ og TR.

Við smíði bráðabirgðaparta og stálparta (vitallium) liggja fyrir röntgenmyndir af stoð- og „rest“-tönnum og tannvegi þeirra.

701-706 *heilgómar (prosthesis totalis)*

701-702 hefðbundin gerð gervigóma innifalið eftirlit með aðlögun gómsins og 3 lagfæringar.  
703 blóðgómur eða storkugómur (immediate denture) innifalið í verði storkugóms eru 3 lagfæringar.

710-714 *tannpartar*

710-712 bráðabirgðapartar úr plasti.  
Innifalið 3 lagfæringar.  
713-714 stálpertur (vítalliumpartur)  
Innifalið er eftirlit með aðlögun partsins og 3 lagfæringar.

720-737 *endurbætur og viðgerðir*

Ef gert er ráð fyrir fóðrun innan hálfis árs frá afhendingu, skal gera sjúklingi það ljóst við upphaf smíðinnar.  
728 gómhlað (post dam), lausar/gamlar tennur gerðar nothæfar við uppbyggingu.

**8. flokkur: TANNRÉTTINGAR (orthodontia)****Engir gjaldliðir.****9. flokkur: BITLÆKNINGAR (cura occlusionis dentium)****Almennt:**

Tannsmíðakostnaður og efni ekki innifalið. Þrjár lagfæringar innifaldar á bittækjum (921-923).

**901-923 frummeðferð (therapia initialis):**901-902 *slökun*

901 slökun: Almenn eða staðbundin meðferð, sem hefur slökun vöðva í för með sér.  
902 ANS meðferð: Slökun með hjálp tækis sem gefur líkamsstarfsemi til kynna.

911-915 *endurhæfing*

911 hitameðferð: Staðbundin hitameðferð við vöðvameini.  
912 frýsting: Staðbundin kuldameðferð við vöðvameini.  
913 lækninganudd: Staðbundið nudd á kjálkavöðva.  
914 raförvun: Raförvun kjálkavöðva.  
915 æfingar: Hvers konar æfingameðferð fyrir kjálkavöðva.

921-924 *spelkun/bithlífð*

921 bitplata: Sbr. tannréttingar (meðferð laus tæki 861-868).  
922-923 plasthlífar er þekja tyggingarfleti tanna á efri eða neðri kjálka til verndar tyggingafærunum eða til að losa tyggingavöðva undan áhrifum þéttasta bitsins; úr mjúku eða hörðu efni.  
924 bitspelka: Plasthlíf með bitförum til að létta eða fyrirbyggja álag á óstöðugum kjálkalið, kjálkinn færður til.  
*bitmeðferð (therapia occlusalis)*  
Bitmeðferð er margþætt og getur falist í gjaldliðum, sem er að finna í flestum flokkum gjaldskrárinnar. Með bitmeðferð er fengin óafturkræf eða varanleg umsköpun á tyggingarflötum tanna.

925 *viðgerðir*

Hvers konar viðgerðir og lagfæringar á bittækjum sbr. viðeigandi gjaldliði í heilgóma og partagerð.

926 *bitslípun*

Samanbit tanna fengið með því að slípa þær.

**10. flokkur: MUNNSJÚKDÓMAR (stomatologia)**

Greining og meðferð á sjúkdómum í slímhúð munns; stök, staðbundin og /eða fjölpátta einkenni (syndrome)

*Greining/eftirlit*

Viðtal, skoðun, áfangaskoðun (/langtímaeftirlit) o.s.frv. sbr. hlutaðeigandi gjaldliði í „Almenningi“

1001-1008 *rannsóknir*

(smitstroka og einfalt vefjasýni (routine biopsy) sbr. hlutaðeigandi gjaldliði skrárinnar).

1001 húðsýni (vefjasýni) tekið til rannsóknar (dermatopathological examination); rannsókn ekki innifalin.

1002 úrvinnsla á rannsóknargögnum (blóðsýni, mótefnaprófun o.s.frv.); max 3T

1003 rannsókn á bakteríusýni úr tannvegi („períósýni“).

1005 rannsókn á tannátusýni/smitstroku úr sveppasári.

*Meðferð*

Lyfjameðferð (lyfseðill); önnur meðferð: Sbr. hlutaðeigandi gjaldliði skrárinnar.

Eftirfarandi texti verður fylgiskjal II með gjaldskránni:

**Fylgiskjal II.****Skýringar við notkun gjaldskrár fyrir plantameðferð.**

Tannlæknum ber að hafa hliðsjón af skýringum þessum við beitingu gjaldskrár.

**Plantameðferð.****Almennt:**

Í öllum aðgerðarliðum er öll vinna, efni og aðkeyptir plantahlutir innifalið, allt frá fyrstu skoðun sjúklings og umsókn til TR til þess er verki hefur verið skilað endanlega.

571-574 *ísetning tannplanta*

Innifalið er m.a. skoðun, greining, þ.m.t. röntgenmyndir, meðferðaráætlun, tilvísun, svör við tilvísun og önnur læknabréf, umsókn til TR, undirbúningur, mát, mátskeiðar, afsteypur, stýriskinnur, efni og vinna tannsmíðs, sóttvörn og skurðstofubúnaður, aðstoð við aðgerð, aðkeyptir plantahlutir og önnur efnisnotkun, einnota áhöld og slit á áhöldum, deyfing/slæving, skurðaðgerð, ísetning plantarótar og hugsanleg síðari kragaaðgerð, saumur og sáraumbúðir, plantahlutir, saumataka og önnur eftirmeðferð öll, aðlögun og eftirlit til fullra loka verks. Hugsanleg endurtekning á ígræðslu plantaróta, ásamt brotnámi róta er kunna að gefa sig skal vera TR að kostnaðarlausu.

630-631 *krónur og brýr*

Innifalið er m.a. skoðun, greining, þ.m.t. röntgenmyndir, meðferðaráætlun, tilvísun, svör við tilvísun og önnur læknabréf, umsókn til TR, mát, mátskeiðar og afsteypur, aðkeyptir plantahlutir og önnur efnisnotkun, efni og vinna tannsmíðs, festing krónu eða brúar, eftirlit og aðlögun allt til fullra loka verks.

706-707 *gómar*

Innifalið er m.a. skoðun, greining, þ.m.t. röntgenmyndir, meðferðaráætlun, tilvísun, svör við tilvísun og önnur læknabréf, umsókn til TR, undirbúningur, mát, mátskeiðar, afsteypur, efni og vinna tannsmíðs, kúlufestingar á plantarætur (efni og vinna), skil á gómi, aðlögun og eftirlit til fullra loka verksins. Ennfremur er öll fóðrun (eldra) tanngervis fyrir aðgerð og á græðslutíma eða smíði nýs góms fyrir ígræðslu

plantaróta og fôðrun þess ásamt kúlufestum eftir ígræðslu innifalin. Í tannsmíðahluta verksins, sem er innifalinn í verkhluta og gjaldi tannlæknis, er m.a. innifalið allt efni og vinna við fôðrun og smíði, þ.m.t. aðkeyptar tennur og festingar í plantagóm á móti kúlufestum á plantarót, sendingarkostnaður o.fl. til loka verks.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 37. gr. laga um almannatryggingar nr. 117/1993, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir skóla-tannlækningar nr. 166/1992, með síðari breytingum.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 4. október 2001.*

**Jón Kristjánsson.**

---

*Davíð Á. Gunnarsson.*